

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. janúar 2009
Tilvísun: UST20090100103/hj

Fiskimjölsverksmiðja HB Granda á Vopnafirði - umsögn um matskyldu


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. janúar 2009 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Reisa á nýja fiskimjölsverksmiðju sem afkastar allt að 850 tonnum hráefnis á sólahring, sem er aukning um 200 tonn miðað við núverandi verksmiðju. Verksmiðjan verður reist á svæði HB Granda á Vopnafirði og nýbyggingar verða verksmiðjuhús ásamt ketilhúsi, mjölsíló og svo á að breyta núverandi verksmiðjuhúsi í mjölgeymslu. Skorsteinum og sílóum er valinn staður eins fjarri íbúðabyggð og kostur er. Ennfremur verður lýsistankur endurnýjaður og byggð lekaþró um lýsistankana. Fram kemur að mengun muni væntanlega minnka vegna endurnýjunar á búnaði. Frárennsli mun aukast en það samanstendur af kælisjó og þéttivatni í hlutföllunum 50:1 frá þurrkurum og eimara sem veitt verður beint út í sjó höfninni, afrennsli frá starfsmannaaðstöðu sem fer í fráveitukerfi bæjarfélagsins og svo annað afrennsli sem innheldur þéttivatn frá eimingartækjum og afrennsli frá vinnslusal verður leitt í brunn og síðan dælt til sjávar utan hafnarinnar. Loft frá þurrkurum, vinnsluferlum og mjölkælum verður hreinsað og meðhöndlað áður en að það er sett út um 40 m háan skorstein og loftræsting frá verksmiðjuhúsi verðu einnig losuð út sama skorstein.

Helstu áhrif á umhverfið verða sjónræn þar sem verksmiðjuhús, skorsteinar og mjölsíló verð mun hærri en núverandi byggingar þá einkum sílóin. Þó fráveituvatn aukist um 30% eru allar aðstæður fyrir hendi til að fylgjast vel með og koma í veg fyrir mengun ef með þarf og eðlilegt er að á slíku sé tekið í starfsleyfi. Sama gildir um hreinsun og meðhöndlun lofts.

Umhverfisstofnun telur að sjónræn áhrif vegna nýrrar verksmiðju og bygginga tengda henni verði nokkur en önnur umhverfisáhrif umfram það sem er í dag verði lítil og geti jafnvel minnkað þar sem til stendur að taka í notkun nýjan búnað. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem um framleiðsluaukningu er að ræða þarf nýtt starfsleyfi og eðlilegt sé að útfæra fyrirkomulag við losun fráveituvatns og hreinsun á lofti samfara útgáfu nýs starfsleyfis. Í heildina telur stofnunin að framkvæmdin valdi ekki umtalsverðum umhverfisáhrifum

Virðingarfyllt


Helgi Jónsson
ráðgjafi


Ólafur A. Jónsson
deildastjóri